

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörðurhv

Efni: Ósk um afstöðu Ísafjarðarbæjar til dekkjakurls á gervisgrasvöllum sveitarfélagsins

Á aðalfundi hverfaráðs hverfa í Skutulsfjarðarbotni í apríl s.l. var rætt um sparkvöllinn í Holtahverfi og þá staðreynd að í ljós hefur komið að dekkjakurl sem notað hefur verið á sparkvelli og gervisgrasvelli landsins er nú talið krabbameinsvaldandi. Umræðan leiddi í ljós áhyggjur íbúa hverfanna af þessu og eftir frekari umræðu komu í ljós áhyggjur íbúa í fleiri hverfum sveitarfélagsins.

Við skorum því hér með á sveitarfélagið að athuga það kurl sem notað hefur verið á velli sveitarfélagsins og taka afstöðu um framhaldið reynist það vera umrætt dekkjakurl. Þar sem spark- og gervisgrasvellir eru gríðarlega mikið notaðir af íbúum á öllum aldri teljum við mikilvægt að sveitarfélagið sýni ábyrgð og láti fjarlægja kurlið reynist það vera dekkjakurl. Jafnframt skorum við á sveitarfélagið að fara yfir ástandið á völlum og laga undirlag vallanna reynist þess þörf. Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga má gera ráð fyrir að kostnaður við að skipta um kurl sé u.þ.b. 2,1 milljónir króna fyrir 600 m² sparkvöll. Í upplýsingum frá SÍS er einnig gert ráð fyrir að skipta þurfi um undirlag sé völlum eldri en 8 ára og hafi verið lítið við haldið.

Vert er að taka fram að nú þegar hafa nokkur sveitarfélög á landinu ákveðið að skipta út dekkjakurli á völlum sínum, má þar nefna Seltjarnarnes, Kópavog, Akranes og Akureyri. Við skorum á Ísafjarðarbær að vera í hópi þessara sveitarfélaga þar sem um heilsu íbúanna er að ræða.

Hverfaráð hverfa í Skutulsfjarðarbotni
Hverfaráð Hnífsdals
Hverfaráð Suðureyrar
Hverfaráð Þingeyrar